

Opinbert heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Sigríður Gísladóttir

4. Apríl 2014


Málstofa um fiskeldi - NASF




Efnisyfirlit


- Skipurit Matvælastofnunar
- Skipulag opinbers heilbrigðiseftirlits með fiskeldi
- Helstu lög og reglugerðir
- Áhersluatriði við eftirlit
 - Áhættumat, -flokkun og opinber skráning
 - Forvarnir og meðhöndlun
 - Sýnatökur og heilbrigðisvottun
 - Rekjanleiki, skráning og flutningsvottun
 - Að tryggja velferð og fyrirbyggja vandamál
- Umsögn við leyfisveitingar
- Önnur störf dýral. fisksjúkdóma

Skipurit MAST



Opinbert heilbrigðiseftirlit með eldi lagardýra á Íslandi – Skipulag





Lög og reglugerðir

(það allra helsta)

Lög

- Lög nr. **71/2008** um fiskeldi.
- Lög nr. **60/2006** um varnir gegn fisksjúkdómum.
- Lög nr. **66/1998** um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.
- Lög nr. **15/1994** um dýravernd.
- Lög nr. **25/1993** um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
- Lög nr. **54/1990** um innflutning dýra.
- Lög nr. 55/2013 um dýravelferð. **NÝTT**


Reglugerðir

- Reglugerð nr. **401/2012** um fiskeldi.
- Reglugerð nr. **1254/2008** (EB 2006/88) um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.
- Reglugerð nr. **665/2001** um viðbrögð við smitsjúkdómum.
- Reglugerð nr. **403/1986** um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum. **Í ENDURSKOÐUN.**

Áhættumat, - flokkun og skráning

- Reglugerð 1254/2008 (EB 2006/88) er „móður“reglugerðin.
- Eftirlit Mast er unnið skv. nákvæmum leiðbeiningum
 - **Áhættuflokkun** byggist á:
 - Eldistegund (lax, bleikja, kræklingur eða rækja?)
 - Næmi fyrir ákveðnum sjúkdómum (listi)
 - Heilbrigðisástandi hverrar eldisstöðvar
 - Hættu á að smita aðra
 - Hættu á að smitast frá öðrum
 - **Tíðni eftirlits** byggist á áhættuflokkun:
 - Lægsta áhættustig – Ein skoðun á 4 ára fresti
 - Hæsta áhættustig – Ein skoðun á ári
 - Opinber skráning skv. kröfum

Opinber skrá yfir eldisstöðvar á netinu



Sláðu inn leitarorð  Hafa samband  Starfsfólk  English

MATVÆLASTOFNUN  JARÐRÆKT  FÓÐUR  MATVÆLI  DÝRAHEILBRIGÐI  INN- OG ÚTFLUTNINGUR

DÝRAHEILBRIGÐI

Dýralæknar

Dýravelferð

Eftirlit

Aðbúnaður búfjár

Alifuglarækt

Búfjárefnirit

Fiskeldi

Svínarækt

Merkingar

Sjúkdómar

Smitvarnir

Fiskeldi

Heilbrigðiseftirlit með eldi lagardýra er fastsett með lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og eftirlit með þeim, lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum og lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Nánar er svo kveðið á um eftirlitið í reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum, reglugerð nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar og reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum. Þá eru í gildi sértækar reglugerðir sem kveða nánar á um framkvæmd og fyrirkomulag á afmörkuðum sviðum, s.s. reglugerð nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum, reglugerð nr. 527/2003 um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á fisksjúkdómunum brisdrepi, iðradrepi og veirublaði og reglugerð nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem ofangreind lög og reglugerðir kveða á um. Matvælastofnun skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og hafa undir sinni stjórn dýralækni, sem starfar samkvæmt erindisbréfi og skal í samvinnu við héraðsdýralækna sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti varðandi sjúkdóma í fiskum, skeldýrum og krabbadýrum.


Ítarefni

 Eftirlit og sýnatökur úr klakfiski

 Opinber skrá yfir eldisfyrirtæki á Íslandi - janúar 2013 / Official list over aquaculture farms in Iceland - January 2013

- Skv. Reglugerð nr. 271/2013 um rafrænt aðgengi að upplýsingum um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar.
- **ATH! Á skrána vantar vinnslustöðvar og flutningsaðila og GPS-staðsetningu**

Heilbrigði fisks - Grunnþættir



Áherslur í eftirliti:


Forvarnir og meðhöndlun

- Mikilvæg fyrirbyggjandi aðgerð:
 - Gott atlæti og hámörkun aðstæðna frá fyrstu ævistigum fisksins.
- Bólusetningar á öllum laxi og bleikju (sem fer í sjó) gegn alvarlegum bakteríusýkingum.
 - Þar af leiðandi mjög lítil notkun sýklalyfja; **16,5 kg** árið 2012.
- Engir alvarlegir veirusjúkdómar hafa greinst á Íslandi.
- Helstu smitsjúkdómar sem upp koma eru af völdum tækifærissýkla og tengjast oft óhentugum umhverfisaðstæðum.
- Framleiðslutengdir sjúkdómar.

Áherslur í eftirliti:

Sýnatökur og heilbrigðisvottun

- Einn stærsti þáttur starfs dýralækna fisksjúkdóma.
- Góð sjúkdómastaða Íslands gagnast útflutningsfyrirtækjum og gjaldeyrissköpun.
- Nauðsynlegt að sýna fram á stöðuna með sýnatökum og vottun = viðhalda góðu ástandi.
- Fyrirtækin borga **sjálf** – Ríkið niðurgreiðir óbeint.



Rekjanleiki, skráningar, flutningsvottun

- Aukin áhersla á rekjanleika allt frá hrognastigi; hvaðan er fiskurinn, hvert fer hann?
- Eftirlit með:
 - Verklagsreglum stöðva/fyrirtækja.
 - Góðum hollustuvenjum (*good hygiene practice*)
 - eins og er viðeigandi eftir tegund starfsemi. Stærri fyrirtæki eru oft með sóttvarnaráætlanir (*biosecurity plan*) og gæðahandbækur.
 - Mast veitir aðstoð og ráð við slíka vinnu.
 - Afföllum.
 - Flutningum o.fl.
 - Skráningum og eftirfylgni á öllu ofantöldu.
- Enginn má flytja hrogn eða fisk á milli stöðva án flutningsvottorðs frá Mast.

Áherslur í eftirliti:

Að tryggja velferð og fyrirbyggja vandamál

- Jákvæð samskipti eru alfa og omega!
 - Velferðarvandamál í fiskeldi tengjast helst gjaldþrotum, fóðurskortum og umhverfisvanda.
 - Mikilvægt að fyrirbyggja með því að leiðbeina.
- Samræmi í eftirliti.
- Jafnræði meðal eftirlitsþega - óháð staðsetningu, stærð á fyrirtæki o.s.frv...

Umsögn við leyfisveitingu

- Í reglugerð nr. 1254/2008, kafla II, er gerð krafa á dýralæknayfirvöld (þ.e. MAST) um leyfisveitingu.
- Heimilt að sameina eða fella inn í fyrirkomulag sem þegar hefur verið komið á í öðrum tilgangi um leyfisveitingu (t.d. Fiskistofu) $\Rightarrow$ ekki aukin byrði.
- Skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi ber Mast að veita umsögn til Fiskistofu (sem er í anda ESA), en upp á vantar að tengja sjálft rekstrarleyfið við skilyrði sem eru nánar tíunduð í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 1254/2008.

Önnur störf

- Fræðsla til almennings, fyrirtækja og nemenda í fiskeldi við Hólaskóla.
- Sótthreinsun innflutts veiðibúnaðar
 - Samstarf við tollayfirvöld KEF, REK og Seyðisfirði
- Eftirlit með heilbrigði villtra laxastofna og „heilsugæsla“ þeirra
- Erlent samstarf
 - Evrópusambandið (ESA)
 - OiE (Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunin)
 - Dýralæknayfirvöld annarra þjóða, t.d. vegna útflutnings.

Takk fyrir!

www.mast.is

